

Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. ágú. 2011
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. ágúst 2011
UST20110600053/hmj

Efni: Lýsing fyrir deiliskipulag fiskeldis í landi Botna í Skaftárhreppi

Skipulagssvæði og fyrirhugaðar framkvæmdir

Skipulagssvæðið er samtals 16 ha úr landi Botna í Skaftárhreppi. Deiliskipulagsmörk liggja frá afkomuvegum vestur yfir Rafstöðulón, þaðan um 400 m til suðurs, norður yfir Krókavatn og austur fyrir núverandi veiðihús við Krókavatn. Í greinargerð kemur fram að ekki sé til deiliskipulag fyrir framangreint svæði en í óstaðfestu aðalskipulagi er gert ráð fyrir 4 ha iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi, að öðru leyti er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Fyrirhugað er yfirbyggt fiskeldi á 7.382 m² lóð innan 4273 m² byggingarreits. Flatarmál hússins verður 864 m² og hæð 6 m. Vatn verður tekið upp úr sjálfrennandi lokuðum lindum. Setþró verður grafin suðaustan við húsið sem tæmd verður einu sinni ári og set nýtt sem áburður á tún eða akra. Flatarmál settjarnar verður um 60 m². Afskurður af fiski og annar lífrænn úrgangur verður settur í meltu og notaður sem áburður á tún og akra. Byggð verður ný rafstöð sem mun nýtast bæði fyrir sveitabæinn Botna og fiskeldið en samkvæmt lýsingu flokkast hún undir heimarafstöð og telst hluti af landbúnaðarnotkun.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur nálægt eldhrauni sem samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 nýtur sérstakrar verndar og að forðast ber röskun þess eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í lýsingu hvaða gróðurgerðir er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en að mati stofnunarinnar þyrfti það að koma fram þar sem staðháttum á skipulagssvæðinu er lýst.


Í lýsingu kemur fram að setþró verði grafin suðaustan við húsið og að tæming á seyru fari fram einu sinni á ári. Setið verður notað sem áburður á tún og eða akra í rækt. Umhverfisstofnun telur að ekki komi fram nægjanlegar upplýsingar á teikningu settjarnarinnar og bendir stofnunin á að lagnir frá fiskeldinu og að settjörnninni vanti inn á


uppráttinn er fylgdi greinargerð. Jafnframt kemur ekki fram hvert frárennsli frá settjörninni verði veitt en ef á að leiða það út í Krókavatn þyrfti það að koma fram á deiliskipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að fara þurfi eftir reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sérstaklega bendir stofnunin á 8. grein þar sem fram kemur að við deiliskipulagsgerð skal gera skýringarupprátt sem sýnir ástand vatns sbr. 9. grein sömu reglugerðar.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að bæði fiskúrgangur og seyra eru rík af köfnunarefni og áréttar að varðandi alla notkun á framangreindum áburði þurfi að fara eftir reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Umhverfisstofnun bendir á að í lýsingu kemur ekkert fram um frárennsli frá vinnsluhúsnæði en ef komið verður fyrir salernisaðstöðu þarf að koma fyrir rotþró til að taka á móti slíku frárennsli. Í því samhengi minnir Umhverfisstofnun á reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og bendir einnig á leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir. Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun mikilvægt að leitast sé við að minnka urðun lífræns úrgangs og stuðlað sé að endurnýtingu hans til áburðar. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við lýsingu deiliskipulagsins að öðru leyti en að framan greinir.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Halla M. Jóhannesdóttir

Afrit: Skipulagsstofnun